

Ed.

599 Frumvarp til laga

[182. mál]

um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. maí.)

Samhljóða þskj. 420 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Öllum launamönnum og þeim, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps, enda starfi lífeyrissjóðurinn skv. sérstökum lögum eða reglugerð, sem staðfest hefur verið af fjármálaráðuneytinu. Atvinnurekendum er skylt að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjaldshluta þess og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum, ásamt móttframlagi sínu, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru um iðgjaldagreiðslur í reglugerð viðkomandi sjóðs eða lögum. Verði ágreiningur um það, til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greidd, úrskurðar fjármálaráðuneytið hann, að fenginni umsögn Vinnuveitendasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands og/eða þeirra aðila annarra, sem hlut eiga að máli.

3. gr. hljóðar svo:

Tryggingarskylda skal innt af hendi með þátttöku í lífeyrissjóðum skv. 2. gr. eftir því sem kostur er og samkvæmt reglum einstakra sjóða um sjóðsaðild. Eigi maður ekki sjálfsagða aðild að sjóði skv. 2. gr. velur hann sér lífeyrissjóð eftir því sem reglur einstakra sjóða leyfa. Sé tryggingarskyldu ekki fullnægt með þessum hætti, skal henni fullnægt með iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs, er úrskurðaraðili skv. 2. gr. vísar til, og með samkomulagi við viðkomandi lífeyrissjóð.

4. gr. hljóðar svo:

Sé ekki greitt iðgjald vegna einhvers starfandi manns í lífeyrissjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, að minnsta kosti 10% af viðurkenndum stofni iðgjalda, hvort sem hann er dagvinnulaun, kaupviðmiðun eða heildarlaun, eftir því sem kveðið er á um í reglugerðum eða lögum, eða af reiknuðu endurgjaldi fyrir starf við eigin rekstur sjálfstæðra atvinnurekenda skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 40/1978, sbr. 59. gr. sömu laga, skal greiða það sem á vantar til lífeyrissjóðs. Greiðslur skulu vera í samræmi við reglur viðkomandi sjóðs, annaðhvort eftir vali viðkomandi manns, sbr. ákvæði 2. og 3. gr. þessara laga, eða samkvæmt ábendingu úrskurðaraðila skv. 2. gr. Heimilt er að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð, m. a. um stofn iðgjalda og hámark fyrir greiðslu iðgjalda.

Greiðsla iðgjalda skal fara eftir reglugerðum viðkomandi lífeyrissjóðs. Sé iðgjald miðað við reiknað endurgjald fyrir störf við eigin rekstur skal stofn iðgjaldsins ákvarðaður sem reiknað endurgjald á næstliðnu ári, samkvæmt skattframtali eða ákvörðun skattstjóra, uppfært til þess tímabils sem greiðslan tekur til. Fjármálaráðuneytið ákveður og birtir uppfærslustuðul endurgjaldsins með hliðsjón af almennum launabreytingum.